



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Alþingi
Erindi nr. P 127/956
komudagur 1. 3. 2002

Reykjavík 28. 2. 2002

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
b.t. Ágúst Geir Ágústsson
Alþingi
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar.

Það ber að fagna lagasetninu um eldi sjávardýra. Hér er um að ræða rammalöggjöf sem tekur til almennra þátta. Mesta og lengsta reynsla í fiskeldi er fiskeldi laxfiska sem kveðið er á um í lögum um lax- og silungsveiði. Ýmis konar reynsla þaðan er nýtt í smíði þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar.

Það er ljóst að ákveðið óhagræði er að fiskeldi tilheyrir tveimur ráðuneytum þ.e. sjávardýr tilheyra sjávarútvegsráðuneyti og laxfiskar landbúnaðaráðuneyti. Því er ljóst að fiskeldisnefnd sem kveðið er á um í frumvarpinu og er ætlað að samræma og móta stefnu í fiskeldi fær viðamikið og erfitt hlutverk. Ennfremur er slæmt að tveim aðilar djá um útgáfu rekstrarleyfa og verða með eftirlit með fiskeldi. Það eru Fiskistofa með sjávardýrum og Veiðimálastjóri með laxfiskum. Þessu fylgir mikið óhagræði og spurning hvort þetta ætti ekki að vera á sömu hendi, með því að fela öðru hvoru embættinu eftirlitið eða sameina þau. Þá vekur athygli að 5 milljónir eru ætlaðar Fiskistofu vegna þessa sem er há fjárhæð a.m.k. miðað við fjárveitingar þær sem embætti Veiðimálastjóra eru ætlaðar vegna mun umfangsmeira eldis, eins og staðan er í dag.

Við þetta bætist eftirlit heilbrigðisyfirvalda og sjúkdómayfirvalda. Heilbrigðiseftirlit, eftirlit með mengun og veiting starfsleyfa ætti skýlaust að fela Hollustuvernd án tillits til stærðar stöðva, þar sem heilbrigðisnefndir margra sveitarfélaga valda því hlutverki illa.

Frumvarp þetta er tilraun til að setja almenna löggjöf um fiskeldi og er réttlætanleg sem slík. Það er hins vegar ljóst að talsverð stefnumótunarvinna er eftir í fiskeldi, sem og samræmingarvinna. Til dæmis er brýnt að marka ákveðna stefnu t.d. í rannsóknum,

menntunarmálum og í nýtingu svæða við strendur landsins. Þá þurfa stjórnvöld og opinberar stofnanir að geta stýrt og liðsinnt fiskeldisfyrirtækjum eftir þörfum. Til þess þurfa að vera til skýrar reglur og stefna, sem stöðugt þarf að vera í enduskoðun í ljósi reynslu og nýrrar þekkingar. Því er líklegt að lög um þetta efni þurfi að taka breytingum með þróun fiskeldis á komandi árum.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Sigurður Guðjónsson', written in a cursive style.

Sigurður Guðjónsson, forstöðumaður